

Fundur 23.5.2022 Beatrice frá Hollandi.

Komið þið sæl.

*Komdu sæll eða sæl. Velkominn.*

Mikið er það nú gaman að tala við fólk á gömlu jörðinni, hef ég hér frá ýmsu að segja sem erfitt getur verið að koma í gegn en mun ég reyna að koma því öllu til skila.

Hefur orðið mikil breyting á högum mínum eftir að ég kom á þessa framlífsjörð og hef ég nú loksins náð að beita hæfileikum mínum og skilja lífsins gang betur og róast.

Eru hér fjölmargir í þessum hóp sem eru sama sinnis og hafa hjálpað mér að ná árangri og er á brattan að sækja en finnum við styrkinn og kraftinn koma til okkar utan að frá og höfum fengið mörg stórkostleg sambönd.

Hef ég haft við erfiðleika að glíma allt mitt líf og núna fyrst í þessu framlífi þegar ég hef fengið Nýalskar skýringar á vandamálum mínum, hef ég náð að halda þeim í skefjum og efla þau til sambanda og taka þátt í þessu starfi.

Eru margir sem ég sakna af jörðinni og ætla ég nú að reyna að segja frá frumlífi mínu á jörðinni. Ég var ekki mjög gömul þegar ég fór úr frumlífi. Voru það erfiðar aðstæður, sóttir margar og af slíku andaðist ég af jörðinni, en hafði ég eignast nokkur börn og hafði ég ekki getað annast um þau og var ég úthrópuð af þorpsbúum vegna hegðunar minnar og skapbresta og sögðu sumir að ég væri í kukli, en það var allt uppspuni.

Átti ég þó nokkrar ánægjustundir, og barn það sem dó ungt fékk ég að hitta aftur en ekki hef ég fengið að hitta alla hina sem ég var í kynnum við.

Og fór ég fyrst á jörð þar sem skríslæti voru mikil og smáhöfðingjar innan bændastéttanna reyndu að fá okkur á sitt band sem vorum minni máttar og verkafólk eða með andleg vandamál.

Var þó meiri læknisþjónusta á þeim hnetti og fékk þar að vita um ýmsa andlega kvilla sem hrjáðu mig og var ég sett í meðferð en ekki dugði hún þar sem við vorum sett í skemmur og útihús og raflostsmeðferðir og annað slíkt urðum við að þola sem ekki bætti úr skák.

Voru það nokkrir úr þeim hóp sem misstu lífskraftinn svo mjög og meðvitund að ekki var þeim unnt að ná heilsu á þeim hnetti, en kynntist ég forstöðukonu á því heilsuhæli sem reyndist mér vel og lagði inn gott orð fyrir mig og náði að sannfæra stjórnendur um að ég væri á batavegi og komst ég þar út og átti ég þá nokkur ár eftir ólifðu á þeim hnetti.

Og reyndi ég mikið að hjálpa sjálfri mér en var ég föst í þeirri fullvissu að það væru illir andar sem væru að ásækja mig og tókst mér aldrei að fullu að losna undan þeim ásóknum og var ég nokkuð óhamingjusöm.

En eftir að ég kom í þetta framlíf hefur margt stefnt upp á við og er hér staddur lítill hópur þar sem búið er að uppgötva hinar Nýölsku kenningar og hjálpar það mér mikið og mörgum öðrum en er það mjög á brattan að sækja og eru margir slíkir hópar á þessum hnetti en eru þeir ekki allir með sömu kenningarnar, heldur blanda þeir saman andlegri speki og slíku og eru þeir sumir tengdir stjórnmálum og taldir til öfgasamtaka af stjórnvöldum.

Eru hér Gyðingar öflugir og Kristin trú en eru þeir sumir skilningsríkir og ekki allir í helstefnu áttina nema að nokkru leiti.

Eignaðist ég hér mann um skeið, skildi svo við hann og eru gömul andleg vandamál að koma í veg fyrir nógu góð samskipti fólks hér á þessum hnetti, en tel ég það þó á uppleið.

Hef ég hér fengið að vita loksins á þessum hnetti að aðsóknir þær sem mér var sagt að væru illir andar væru fólk frá öðrum hnöttum sem væru að koma inn sál sinni hjá mér og öðrum næmum

einstaklingum og yrðum við að gera okkur grein fyrir því að hugmyndir þær sem ég hef fengið og aðrir sem líkt er ástatt með, þess efnis um að skaða okkur sjálf eða aðra eða ganga út fyrir hefðir þjóðfélagsins eru komnar frá íbúum annarra hnatta sem magnast af því að draga orku og vit úr öðrum og hefur mér þannig tekist að halda þessum ásóknum nokkuð í skefjum.

Finnst mér það mjög leitt að ekki er fullljóst hvort mannkyn míns hnattar komist á framfara leiðina en skilst mér að það sé eins með gömlu jörðina og margt af því sem ég hef lært hér hef ég heyrt að sé aðeins til á ykkar landi, Íslandi.

Kom ég aldrei á Ísland á meðan ég var á jörðinni en tilheyri ég sömu menningu og kynþætti, er ég Hollensk kona, nafn mitt er Beatrice.

*Gaman að heyra þína sögu Beatrice.*

Þakka ykkur fyrir.

*Varst þú soldið fyrir ásókn í svefni?*

Nei, vöku frekar en eitthvað í svefni.

*Þá langar mig að spyrja þig að einu, voru ásóknirnar verstar á milli svefns og vöku?*

Já það gat komið oft fyrir, já já, það getur enn komið fyrir.

*Já þá er maður varnarlaus gagnvart þessu.*

Já, þið kannist við þetta.

*Já ég kannast við þetta.*

Já, en hér er nokkuð góð náttúra og fögur en er þó búið að spilla nokkuð gróðri með trjáhöggi og öðru slíku en hefur hér verið mikið um rigningar og ekki er langt síðan hér voru fundin upp nokkurs konar fallbyssuvopn og hefur því stórum löndum vegnað vel að efla ríki sitt, mun það vera ekki ósvipað og var á jörðinni áður.

Hér eru margir sem eru hamingjusamir og komnir á farsæla braut og vilja þeir einnig gjarnan við ykkur tala síðar. Eru hér flestir Hollenskir en nokkrir af öðru þjóðerni.

Vil ég nú kveðja ykkur og þakka kærlega fyrir og reyni að koma síðar.

Verið þið sæl.

*Blessuð og þakka þér fyrir komuna og gangi þér sem best.*

Takk fyrir.